

GJALDSKRÁ

fyrir Vopnafjarðarhöfn.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Vopnafjarðarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir mörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjald.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 17,30 á mælieiningu skv. 2. gr., en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 5,70 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, kr. 114 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 12.516 á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiða þó aldrei lægra en kr. 8.790 á mánuði. Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiða sem nemur 73 evrum fyrir hverja byrjaða viku.

Bátar sem liggja við flotbryggjur skulu greiða flotbryggjugjöld sem hér segir:

Bátar að 10 brúttótonnum – pr. mán.	8.790 kr.
Bátar frá 10–30 brúttótonn – pr. mán.	16.390 kr.
Bátar yfir 30 brúttótonnum – pr. mán.	22.756 kr.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Vopnafjarðarhafnar, vegna álagningar vörugjalda.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltrögugjald þó varan hafi viðkomu í annarri höfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldflokkum 1, 2 og 3 skv. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþagnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald kr. 360 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 660 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 740 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,40%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 6.133 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 271.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdareitunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Þjónustugjöld*.

14. gr.

Hafnsaga:

Fast gjald pr. ferð	6.415 kr.
- í yfirvinnu	10.608 kr.
Hafnsögugjald lágmarkgjald	42.763 kr.
Flutningur á hafnsögumanni pr. ferð	49.018 kr.
Stærðargjald á mælieiningu	8,8 kr.
Aukamaður á lóðsbát	6.416 kr.
- í yfirvinnu	10.608 kr.
Vatnsgjöld:	
Vatn til skipa pr. m ³	351 kr.
Lágmarksgjald (m.v. 10 m ³)	3.520 kr.
Tengigjald vatns	1.855 kr.
Tímagjald utan dagvinnu	10.610 kr.
Vigtargjöld:	
Almenn vigtun, pr. tonn.	216 kr.
Lágmarksgjald, pr. vigtun	977 kr.
Vigtun flutningabíla	1.970 kr.
Skráningargjald, pr. tonn	110 kr.
Gjald vegna vigtunar í dagvinnu	4.436 kr.
Útkall vegna vigtunar 4 klst. í yfirvinnu	28.247 kr.

Ef um útkall er að ræða og fleiri en einn bátur sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði vegna útkalls, þó að hámarki á þrjá báta.

Leiga á gá mavöllum:

Á svæði A, malarsvæði gjald, árgjald	20.980 kr.
Malbikað svæði, árgjald	27.260 kr.

Gjald þetta miðast við 20 feta gáma. Sé veitt heimild fyrir 40 feta gámi er 40 % álag.

Gjald fyrir skammtímageymslu báta, veiðarfæra, vagna, bíla og búnaðar á gá mavöllum:

Fritt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald	4.885 kr.
--	-----------

Sorpgjald:	
Mánaðargjald fiskiskipa 200 brt og undir	1.830 kr.
Mánaðargjald fiskiskipa 201 brt og yfir	18.515 kr.
Kaupskip samkvæmt reikningi pr. m ³	6.135 kr.
Festargjald:	
Festargjald fyrir hverja afgreiðslu	13.256 kr.
Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann	13.256 kr.
Festargjald yfirvinna	21.623 kr.
Geymslugjald:	
Gjald fyrir geymslu á veiðarfærum (nætur, troll) á hafnarköntum:	
Fritt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald	4.882 kr.
Aðstaða við upptöku báta, pr. skipti	7.822 kr.
Gjald fyrir skammtímageymslu gáma, veiðarfæra, bíla og búnaðar á hafnarsvæði:	
Fritt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald	4.882 kr.
Ekki er tekið gjald fyrir geymslu báta og vagna undir báta á svæði sem afmarkað hefur verið á hafnarsvæðinu til skammtíma- og langtímageymslu.	
Umhverfisgjald:	
Umhverfisgjald samkvæmt þjónustubeiðni, pr. beiðni	1.076 kr.
Rafmagn:	
Gámarafmagn og annað rafmagn t.d. til smábáta samkvæmt gjaldskrá orkusöluaðila með 20% álagi á kWst.	
Mælaleiga, árgjald	5.302 kr.
Tengigjald utan dagvinnutíma	7.061 kr.
Tryggingargjald vegna mælaleigu	41.842 kr.
Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða:	
Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu	46.032 kr.
Öryggisgæsla, dagvinna pr. klst.	6.416 kr.
Öryggisgæsla, næturvinna pr. klst.	10.608 kr.
* Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.	

Úrgangs- og förgunargjald.

15. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða kr. 0,85 á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.070 og hámarksgjald kr. 52.339.
- Úrgangsgjald:* Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til

- um borð. Fast gjald verður þá kr. 0,43 á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.070 og hámarksgjald kr. 27.314.
- c. *Úrgangsgjald*: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
 - d. *Úrgangsgjald*: Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Vopnafjarðarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 6.070 á mánuði.
 - e. *Förgunargjald*: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 12.139 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
 - f. *Förgunargjald*: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
 - g. *Skipstjóri* eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda skv. hafnalögum.

16. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

17. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

18. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

19. gr.

Á verð skv. gjaldskrá þessari er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum, sbr. 2. mgr. 21. gr. hafnalaga.

Gildistaka.

21. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vopnafjarðarhöfn er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 14. desember 2021 skv. hafnalögum nr. 61/2003. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2022 og er til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vopnafjarðarhöfn nr. 1394/2020.

Vopnafirði, 14. desember 2021.

Sara Elísabet Svansdóttir hafnarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2021